

**Ed.** **442. Frumvarp til laga** [230. mál]

um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi.

Flm.: Stefán Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leita eftir kaupum á síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvarinnar hf. á Þórshöfn á Langanesi.

2. gr.

Takist kaupin skal Síldarverksmiðjum ríkisins falin umsjá með verksmiðjunni, og það með að hefjast þegar handa um að fullgera verksmiðjuna og búa hana nauðsynlegum tækjum til þess að hún geti hafið loðnuvinnslu þegar á næsta hausti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni forsvarsmanna Þórshafnarbúa, hreppsnefndar allrar, atvinnumálanefndar, verkalýðsfélagsins og Hraðfrystistöðvarinnar, samkvæmt bréfi dagsettu 22. fyrra mánaðar, svolátandi:

„Við undirritaðir aðilar á Þórshöfn skorum hér með á alla þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að standa saman að flutningi frumvarps á Alþingi um að Sildarverksmiðjur ríkisins kaupi sildarverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. á Þórshöfn og komi henni í starfhæft ástand fyrir næstu loðnuvertíð. Ljóst er að óhæfa er að verksmiðja þessi standi í niðurniðslu, á sama tíma og leigja þarf skip frá Noregi til loðnubræðslu. Það er skýlaus krafa Þórshafnarbúa að frumvarp þessa efnis verði lagt fram á Alþingi nú á næstu dögum. Ef ekki næst samstaða meðal þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra um að flytja áðurgreint frumvarp, er það ósk okkar að þeir þingmenn, sem hafa til þess vilja, flytji frumvarpið.

Virðingarfyllst.“

Bréfið er undirritað af 14 kjörnum forsvarsmönnum fyrrgreindra aðila á Þórshöfn.

Nú varð það niðurstaða stjórnarþingmanna úr kjördæminu, að þeir treystust ekki til að standa að flutningi þessa frumvarps. Er því forgöngusveit málsins falið aðri en skyldi og skeikar þar að sköpuðu.

Kærara hefði flutningsmanni verið að flytja frumvarp er að því lyti að Þórshafnarbúum yrði séð fyrir því fjármagni, sem til þyrfti að koma sildarverksmiðju sinni í lag og reka hana af eigin rammleik, slíkt gróðafyrirtæki sem þorpinu væri þar búið með tiltölulega litlum kostnaði. Nú er hins vegar við völd ríkisstjórn sem hefur annars konar viðhorf til efnahagsmála hinna dreifðu byggða en sú, er greiddi á sínum tíma fyrir smíði hinnar nýtiskulegu Hraðfrystistöðvar þeirra á Þórshöfn er verða skyldi máttarstöð byggðarlagsins, en eigi varð fullsmíðuð áður en samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar settist að völdum. — Því er nú á það ráð brugðið hér, sem næstbest má kalla, að reyna að knýja það fram, að ríkisvaldið taki að sér að koma verksmiðjunni í gang og reka hana svo að Þórshafnarbúar þurfi ekki að horfa upp á það lengur að loðnuveidiflotinn sigli fullfermdur þvert fyrir hafnar- kjaft þeirra, norðan með sumarloðnuna en sunnan með vetrarloðnuna, og heyra svo af því í útvarpi og sjónvarpi að norskt bræðsluskip taki á móti tugum þúsunda lesta af þessum dýrmæta fiski til vinnslu, en skipsleigan afsökuð með því að skortur sé á loðnubræðslum í landinu.

Er hitt þá enn ótalið fram í máli þessu, með hvaða hætti ríkisstjórnin stendur í óbættri sök við Þórshafnarbúa fyrir óhæfilega framkomu gagnvart sameignar- fyrirtæki þeirra. Hraðfrystistöðinni hf.

Er Þórshafnarbúar höfðu komið sér upp fyrrgreindu hraðfrystihúsi af full- komnustu gerð á valdatíma vinstri stjórnarinnar, var svo komið að fiskimiðin í Þistil- firði höfðu verið uppurin af ágangi erlendra togara undir lok landhelgisstriðsins. Var ljóst að hráefni yrði ekki tryggt til þessa nýja húss, fremur en annarra frysti- húsa, með öðru móti en því, að útvegaður yrði skuttogari til að annast aðföngin. Nú var því aftur á móti borið við af hálfu ríkisstjórnarinnar, að alls ekki yrði leyfð smíði á fleiri skuttogurum, og Þórshafnarbúum fenginn í hendur gamall togari og úr sér genginn. Rekstur hans hefur gengið með líkindum, viðgerðarkostnaður orðið óhemjulegur og tafir frá veiðum lengri en úthaldstíminn, sem aftur hefur leitt til þess, að hráefni hefur skort til Hraðfrystistöðvarinnar, atvinnuleysi ríkt lang- tímum saman í plássinu og framleiðslufyrirtæki fólksins sligast efnahagslega.

Í haust er leið, er togarinn Fontur hafði beðið lengi viðgerðar, en hvergi örlaði á marktækum vilja yfirvalda til þess að tryggja peninga til framkvæmdanna, fóru Þórshafnarbúar þess á leit, að ríkisstjórnin keypti af þeim fyrrgreinda sildar- verksmiðju og greiddi andvirðið til togaraviðgerðarinnar. Málinu vék ríkisstjórnin einfaldlega til stjórnar Sildarverksmiðja ríkisins, sem komst að þeirri niðurstöðu að

kaupin yrðu ekki arðbær fyrir stofnunina. Má ef til vill til sanns vegar færa af hálfu þeirra, sem til eru settir að sjá þess háttar fyrirtæki farborða, að landa megi loðnu að öðru jöfnu á Raufarhöfn og Vopnafirði — og Þórshafnarverksmiðjan kynni stundum að vinna aflu, sem koma mætti fyrir í loðnuþróum þessara grannhafna. Af hálfu annarra, sem gæta eiga hagsmuna fólksins á Þórshöfn, verður það aftur á móti ekki þolað að þeir verði fyrir borð bornir á þennan hátt. Þórshöfn liggur fyllilega jafnvel við loðnumiðunum og fyrrgreindir staðir. Þar ætti að tryggja rekstur sex til átta mánuði ársins, einmitt á þeim tíma sem rekstur verksmiðjunnar hæfði best þörfum vinnuaflsins á staðnum. Verksmiðjureksturinn félli prýðilega að öðrum þáttum útgerðar frá Þórshöfn og er líklegur til að verða arðbær þar engu síður en á öðrum höfnum á landinu norðaustanverðu.

Þórshöfn er þannig í sveit sett, með frjótt og víðlent hérað Þistilfjarðar að baklandi, að þar má efla útgerð og annan atvinnurekstur svo að hvort styðji annað til þroska, þorp og sveit. Svo bar til, að af öllum byggðarlögum á Norðurlandi eystra varð þetta pláss harðast úti við þau veðrabrigði sem urðu við síðustu stjórnarskipti, og nú er nauðsyn að gera þá ráðstöfun, er frumvarp þetta hnígur að. Í því skyni að Þórshafnarbúar nái að þreyja þorrann og góuna uns aftur gefur pólitískan hata fyrir landsbyggðina.